

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 121/2005

frá 30. september 2005

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfse mi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2005 frá 8. júlí 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/12/EB frá 18. febrúar 2005 um breytingu á I. og II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/25/EB um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 56b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/25/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32005 L 0012**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/12/EB frá 18. febrúar 2005 (Stjtíð. ESB L 48, 19.2.2005, bls. 19).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/12/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. október 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 48, 19.2.2005, bls. 19.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 30. september 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.